

Þorsteinn Hilmarsson

Orkunýting og umhverfissiðfræði



Landsvirkjun

Siðfræði - gildismat

- Hvað er rétt og hvað er rangt?
- Hvernig er rétt/rangt að standa að því sem við gerum?
- Grundvöllur siðfræði: Ráða afleiðingar réttmæti athafna eða ber að virða ákveðin gildi óháð afleiðingunum?



Gildi

- Siðaboð/almennar reglur sem gengið er út frá um rétt og rangt.
- Eitthvað sem ber að virða: mannlíf, einstaklingur, náttúran.
- Það er algengt í umræðu um umhverfis- og orkumál að vísa til gilda sem upphefja náttúruna.



Grundvallarspurning

- Stenst gildismat í umhverfis- eða orkumálum þar sem skírskotað er til náttúrunnar sem gildis, fyrirbrigðis með hagsmuni eða rétt óháðan eða jafngildan mannlegum hagsmunum?
- Ef já, þá aðhyllast menn svonefnda ómannhverfa siðfræði.



Þrjú gildi

- „Náttúran hefur sjálfstætt gildi“ (óháð hagsmunum manna).
- „Náttúran á að fá að þróast eftir eigin lögmálum.“
- „Náttúran á að njóta vafans.“



Náttúran hefur sjálfstætt gildi

- Hafa lífverur, tegundir, samfélög þeirra, landsvæði eða náttúran í heild rétt sem hagsmunir manna mega ekki brjóta gegn?
- Það er ekki siðferðilega rangt í sjálfu sér að skaða náttúruna eða hluta hennar, réttmætið ræðst af tilgangi verknaðar og viljanum sem að baki býr.



Náttúran á að þróast eftir eigin lögmálum

- Er inngrip mannsins í einhverjum skilningi ónáttúrulegt?
- Eru „óafturkræfar breytingar“ manna annars eðlis en „þróun náttúrunnar eftir eigin lögmálum“?
- Stigveldi tilverunnar.



Náttúran á að njóta vafans

- Er skírskotun til náttúruverndar (rétt)mætari en skírskotun til arðs, hagsældar eða atvinnusköpunar?
- Hvers „nýtur“ náttúran?
- Skírskotun til „náttúrugilda“ er í raun leikur í mannlegri hagsmunabaráttu.



Siðfræði er mannhverf

- Óheppilegar afleiðingar mannlífsins eru bæði mannlegar og náttúrulegar.
- Við gerum okkur grein fyrir hættunum og bregðumst við þeim. Það gerir okkur að siðferðisverum.
- Mennirnir verða að velja út frá því sem þeir telja að komi mönnum best. Um þetta er tekist á og áhættan fylgir okkur.



Takk fyrir!

- *... og megi áhættan fylgja ykkur!*

